

Ed.

427. Frumvarp til laga

[31. mál]

um breyting á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 63 frá 29. mars 1961, sbr. lög nr. 71 frá 28. apríl 1962.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

1. gr.

Aftan við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar lögskráð er úr skiprúmi, hvort heldur er með skriflegri tilkynningu eða á annan hátt, skal útgerðarmaður eða skipstjóri tafarlaust láta viðkomandi skipverja vita um lögskráninguna, ef hann er ekki viðstaddur. Ber útgerðarmanni eða skipstjóra að sanna að skipverja hafi verið tilkynnt um lögskráningu úr skiprúmi, ef um er deilt. Nú hefur skipverja eigi borist vitneskja um lögskráningu úr skiprúmi á réttum tíma, og er honum bá heimilt að vefengja gildi lögskráningarinnar með því að hera upp andmæli við lögskráningarstjóra.

2. gr.

Aftan við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lögskráningarstjóra er skylt að veita stéttarsamtökum sjómanna eða eftirlitsmanni þeirra aðgang að gögnum er varða lögskráningar og upplýsingar um þær.

3. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, enda liggja ekki þyngri refsing við þeim samkvæmt öðrum lögum. Verði skipstjóri með dómi fundinn sekur um ítrekað brot á lögskráningarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum má dæma hann jafnframt til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.